

Yfirlýsing frá Landsliðsnefnd

Af gefnu tilefni óskar landsliðsnefnd að koma eftirfarandi á framfæri:

Hlutverk landsliðsnefndar er að sjá til þess að landslið verði valið eftir að hafa valið verkefni í samráði við stjórn KLÍ.

Nefndin valdi sjálf hópinn sem nú er búið að mynda vegna Evrópumóts karla sem haldið er í Vín í Austurríki 31. júní – 10. júlí 2007.

Rætt var við 12 einstaklinga, en af þeim voru 4 sem gáfu ekki kost á sér af ýmsum ástæðum sem ekki verður farið út í nánar hér. Nefndin kaus að leita ekki til fleirri leikmanna að svo stöddu, en við viljum taka fram að hópurinn er ekki endanlegur og verður endurskoðaður reglulega þar til 6 manna landslið verður valið.

Val á landsliði ræðst af ýmsum þáttum. Þótt nefndarmenn reyni til hins ítrasta að gæta hlutleysis er ljóst að valið er huglægt, og verður alltaf huglægt. Nefndin verður því að standa og falla með sínu vali, og mun ekki undir neinum kringumstæðum taka þátt í neinum “rökræðum” um það.

Bragi Már Bragason, formaður landsliðsnefndar KLÍ.